



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 31. janúar 2020
SFS2019100141
179. fundur
HG/img

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Upplýsingar til dagforeldra um tengilið hjá Reykjavíkurborg

Á 173. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var þann 22. október 2019, lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir því að sendur verði upplýsingapóstur á alla dagforeldra í Reykjavík þar sem kemur fram hver sé tengiliður þeirra hjá Reykjavíkurborg. Þar verði gefið upp nafn, netfang og símanúmer sem hægt er að ná í viðkomandi tengilið á vinnutíma.

Um síðustu áramót var tekið upp nýtt netfang til að tryggja aðgengi starfsmanna skrifstofu að innsendum erindum í fjarveru verkefnisstjóra s.s. vegna orlofs.

Þann 27. janúar 2020 var eftirfarandi póstur sendur daggæsluráðgjöfum í þjónustumiðstöðvum og þeir beðnir um að áframsenda öllum starfandi dagforeldrum.

Ágætu dagforeldrar!

Með bréfi þessu vil ég tilkynna ykkur að nýr starfsmaður Ingveldur Hrönn Björnsdóttir verkefnastjóri hefur tekið við umsjón með daggæslu í heimahúsum í samvinnu við daggæsluráðgjafa í þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og eftirlitsaðila. Ingveldur er leikskólakennari að mennt og hefur áður starfað sem leikskólastjóri og leikskólaráðgjafi.

Ingveldur verður staðsett á skrifstofu skóla- og frístundasviðs í Borgartúni 14. Hægt er að hafa samband við skrifstofu í gegnum nýtt netfang: daggaesla.umsjon@reykjavik.is og í síma 4117045.

Kær kveðja
Ingibjörg Margrét